

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

**Númer fundar:** 999

**Dagsetning:** 10. október 2023 klukkan 8:30

**Staðsetning fundar:** Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir, Jónas Guðmundsson, Nanna Sigríður Kristinsdóttir, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Sigurborg Jónsdóttir og Brjánn Jónasson, sem ritaði fundargerð.

## Efni fundarins

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 3. október 2023 samþykkt samhljóða.

### 2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

### 3. Kvennaverksfall 24. október

Umræður um fyrirhugað kvennaverksfall 24. október og hvernig HH bregst við því. Málið verður rætt á fundi svæðisstjóra á fimmtudag. Áherslan er á að starfsfólk HH geti tekið þátt að en þó með þeim fyrirvara að ekki má stefna öryggi skjólstæðinga í hættu.

### 4. Lágmarksmönnun stöðva

Rætt um stöðu heilsugæslustöðva og lágmarksfjölda starfsfólks miðað við fjölda skjólstæðinga.

### 5. Námsferðir starfsfólks

Rætt um verklag fyrir námsferðir starfsmanna annarra en lækna, umsóknir og afgreiðslu þeirra.

### 6. Húsnæðismál

Upplýst að flutningar geðheilsuteyma í Vegmúla 3 gangi vel. Rætt um nýtingu Þönglabakka 1 nú þegar Geðheilsúmiðstöð barna er flutt út úr húsnæðinu.

### 7. Námskeið

Rætt um beiðni um styrk vegna kostnaðar starfsmanns við leiðbeinendanámskeið í skyndihjálp. Framkvæmdastjórn tekur jákvætt í erindið.

### 8. Heilsugæslan Efstaleiti

Umræður um erfitt ástand hjá Heilsugæslunni Efstaleiti og hvaða leiðir á að fara til að takast á við ástandið á næstu vikum.

## **9. Greiðslulíkan heilsugæslunnar**

Rætt um greiðslulíkan heilsugæslunnar og þarfavísitölu ólíkra hópa eftir stöðvum.

## **Önnur mál**

### **10. Þjónusta við fanga**

Rætt um þjónustu HH við fanga, bæði heilsugæslu og geðteymi, og fjármögnun þjónustunnar.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:15